

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík  
[uua@uua.is](mailto:uua@uua.is)

16. júní 2023

## KÆR A

**Náttúrugrið**, kt. 490721-0960, Bergþórugötu 17, Reykjavík, **Náttúruverndarsamtök Íslands**, kt. 460697-2049 Þórunnartúni 2, Reykjavík og **Verndarsjóður villtra laxastofna - NASF á Íslandi**, kt. 601217-2440, Kalkofnsvegi 2, Reykjavík, hafa falið mér að kæra neðangreinda ákvörðun.

### HIN KÆRÐA ÁKVÖRÐUN

Kærð er ákvörðun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps (hér eftir: kærði) 14. júní 2023 um að veita Landsvirkjun framkvæmdaleyfi vegna Hvammsvirkjunar.

### KRÖFUGERÐ

Þess er krafist að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

### KÆRUHEIMILD OG LAGARÖK

Kæruheimild er byggð á 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. og b-liður 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

### LÖGVARÐIR HAGSMUNIR

Kæruaðild í máli þessu byggist á 3. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærendur eru þrenn félög á landsvísu sem hafa verndun náttúru og lífríkis á stefnuskrá sinni. Um kærendur og lögvarða hagsmuni þeirra er vísað til upplýsinga sem úrskurðarnefndinni hefur verið látið í té undir rekstri máls nr. 8/2023, sem var lokið með úrskurði nefndarinnar í gær, 15. júní 2023.

### KÆRUFRESTUR

Hin kærða ákvörðun var tekin af meirihluta sveitarstjórnar kærða hinn 14. júní 2023 og birt á vefsíðu kærða sama dag. Kæran er fram borin innan lögboðins kærufrests, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

### MÁLSATVIK

1. Ákvörðun sú sem mál þetta fjallar um má rekja til umsóknar Landsvirkjunar 14. desember 2022 til Skeiða- og Gnúpverjahrepps um framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun. Áður voru veitt leyfi á grundvelli laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og raforkulaga nr. 65/2003. Síðari ákvörðunin sætti kærumsálsmeðferð hjá úrskurðarnefndinni, sbr. m.a. mál hennar nr. 3/2023, sem lokið var í gær með ógildingu virkjunarleyfis. Báðar ákvarðanirnar voru

háðar verulegum annmörkum, líkt og úrskurðarnefndin rekur í úrskurði sínum. Þær hafa báðar verið til umfjöllunar hjá innra markaðssviði Eftirlitsstofnunar EFTA frá því í byrjun apríl, vegna brota Íslands gegn vatnatilskipun ESB nr. 2000/60EB.

## RÖKSTUÐNINGUR KÆRENDA

- Um mál þetta fer skv. löggjöf um umhverfismat framkvæmda. Eru 22 ár liðin frá því forveri kærða kom fyrst að málsmeðferðinni í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda, sbr. nú lög nr. 111/2021 og áður lög nr. 106/2000. Verulegir annmarkar eru á meðferð málsins auk efnisannmarka. Þar sem úrskurðarnefndin hefur nú ógilt virkjunarleyfi vantar eina grundvallarforsendu hinnar kærðu ákvörðunar. Niðurstaðan kemur kærendum ekki á óvart. Kærði hefur ekki enn lýst því yfir að hann hafi eða hyggist endurupptaka stjórnslumálið með heimild í 24. eða 25. gr. laga nr. 37/1993 til þess að fella ákvörðun sína úr gildi. Í ljósi þess telja umbj. mínir einboðið að krefjast ógildingar ákvörðunarinnar, enda tók kærði enga afstöðu til þeirrar kærumsmeðferðar og mögulegrar niðurstöðu hennar sem í gangi var vegna virkjunarleyfisins þegar hin kærða ákvörðun var tekin. Vísað er til þess sem fram hefur komið í máli nefndarinnar nr. 3/2023 kröfunni til stuðnings.

## ÁSKILNAÐUR

Sérstakur áskilnaður er um framsetningu frekari krafna, þ.m.t. stöðvunarkörfu, rökstuðning, lagarök og gögn á síðari stigum þessa máls. Þess er sérstaklega óskað, að gætt verði að andmælarétti umbjóðenda minna, þegar umsagnir stofnana og leyfishafa hafa borist nefndinni.



Sif Konráðsdóttir, lögmaður  
[sif.konradsdottir@gmail.com](mailto:sif.konradsdottir@gmail.com)

Afrit: Eftirlitsstofnun EFTA og Umhverfisstofnun.